

7. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 27. janúar kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Anna Melsteð þjóðfræðingur, Kristín Þorleifsdóttir sviðsstjóri/skipulagsfulltrúi og Fannar Þór Þorfinnsson byggingarfulltrúi voru gestir fundarins.

1. Eyrbyggjusetur

Anna Melsteð kynnti verkefni um stofnun Eyrbyggjuseturs á Skildi en verkefnið hófst í upphafi árs 2021 og vinnuhópur settur á laggirnar í febrúar sama ár. Anna fór yfir ólíkar leiðir sem hægt er að fara til uppsetningar á sýningunni hvað varðar rekstur og nýtingu húsnæðisins. Vinna þarf að áætlanagerð áður en ákvarðanir um m.a. nýtingu verða teknar.

2. Skipulags-, byggingar- og umhverfismál

Kristín kynnti nýtt skipulags- og umhverfissvið fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ en mikið samstarf er milli sveitarfélaganna sem byggist m.a. af Svæðisgarðinum Snæfellsnes og sameiginlegu svæðisskipulagi. Kristín fór yfir stöðu skipulags- og byggingarmála og framtíðarsýn í mögulega sameinuðu sveitarfélagi. Vinna þarf ný aðalskipulög fyrir bæði sveitarfélögin á næstu misserum.

Fannar fór yfir byggingarleyfisgátt sem er rafrænt kerfi sem er notað í Stykkishólmsbæ. Umsóknir eru á pappírformi í Helgafellssveit og mikill hagur væri í því ef sama kerfi væri notað þar.

3. Framkvæmdir

Fannar fór yfir stöðuna á Félagsheimilinu Skildi en töluverðar endurbætur þarf að gera á gamla húsnæðinu. Fannar kynnti ólíkar tillögur um framkvæmdir á húsnæðinu og kostnaðaráætlanir á þeim framkvæmdum. Báðar áætlanirnar snúa að endurnýjun á raflögnum, vatnslögnum og þaki og frágangi utanhúss. Um er að ræða framkvæmdir til að koma húsnæðinu í nothæft ástand.

Fannar fór yfir teikningar af viðbyggingu við grunnskólann. Verkefninu var skipt í tvo áfanga, annars vegar varðandi Tónlistarskólann og hins vegar kjallararýmið. Fannar fór yfir

kostnaðaráætlun beggja áfanga. Teikningar eru byggðar á 12 ára gamalli þarfagreiningu sem gæti þurft að endurskoða en það fer eftir nútímaþörfinni.

Fannar fór yfir teikningar og fyrirmyndir af íþróttamiðstöðum í öðrum sveitarfélögum og hugmyndir um samnýtingu og tækifæri til betrubóta á íþróttamiðstöð Stykkishólmsbæjar en húsnæðið býður upp á ýmsa möguleika.

Með sameinuðu sveitarfélagi skapast svigrúm til þess að flýta viðbyggingu við Grunnskólann í Stykkishólmi til þess að mæta húsnæðisþörf skólans sem skapar tækifæri til þess að bæta þjónustu við börn og unglinga í sameinuðu sveitarfélagi með því að flytja og samþætta alla þjónustu fyrir börn og ungmenni á einum stað (grunnskóli, tónlistarskóli, frístund, félagsmiðstöð og Amtsbókasafn/skólabókasafn).

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:35. Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 1. febrúar kl. 17.